



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 24. janúar 2022
VEL2021100008

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Tillaga um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði

Á fundi velferðarráðs þann 19. janúar 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði:

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði:

- a. Að tekju- og eignaviðmið verði hækkuð í samræmi við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
- b. Að kveða skýrt á um í a. lið 1. mgr. 4. gr. reglnanna að lögheimili í Reykjavík sé skilyrði umsóknar.
- c. Að gera breytingar á matsviðmiðum reglnanna er varða skilyrði um 12 mánaða lögheimili í Reykjavík.

Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs. Fulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins sátu hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Réttur til félagslegrar þjónustu myndast um leið og íbúi er með lögheimili í sveitarfélaginu. Það er ekki krafa að hafa dvalið í a.m.k. 12 mánuði í Reykjavík til að eiga rétt á því að sækja um félagslegt húsnæði og til að komast á biðlista. Hér er samt sem áður stuðst við það í matsviðmiði. Rót vandans liggur í því að tryggja þarf nægilegt framboð af félagslegu húsnæði og það þarf að leysa.

Fulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er ekki lengur krafa að hafa dvalið í eitt ár í Reykjavík til að eiga rétt á því að sækja um félagslegt húsnæði og til að komast á biðlista sem er mjög af hinu góða. En síðan er fólki gefið stig fyrir að hafa búið hér í Reykjavík í ár. Fólk sem hér um ræðir er oft í miklum vandræðum húsnæðislega séð og hefur orðið að flytja eða búa utan borgar kannski vegna þess að þar fékk það skjól um tíma. Þeir sem hafa verið svo heppnir að hafa búið í Reykjavík fá aukastig. Er þetta sanngjarnt? Fólk sækir ekki um nema það sé í mikilli neyð. Auka þarf sárlega framboð af félagslegu húsnæði enn meira en gert hefur verið.

Samþykktin er hér með send borgarráði.

Óskað er eftir að skrifstofa borgarstjórnar annist birtingu í B-deild stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst



Regína Ásvaldsdóttir

sviðsstjóri

Hjálagt:

Tillaga um breytingar á reglum um Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði, ásamt fylgiskjöllum, lögð fyrir fund velferðarráðs 19. janúar 2022.



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði*

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirfarandi tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði:

- a. Að tekju- og eignaviðmið verði hækkuð í samræmi við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnaðismál nr. 44/1998.
- b. Að kveða skýrt á um í a. lið 1. mgr. 4. gr. reglnanna að lögheimili í Reykjavík sé skilyrði umsóknar.
- c. Að gera breytingar á matsviðmiðum reglnanna er varða skilyrði um 12 mánaða lögheimili í Reykjavík.

Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Greinargerð:

Lagðar eru fram tillögur að breytingum á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnaði.

Enginn kostnaðarauki fylgir framangreindri tillögu.

Sjá nánar í meðfylgjandi minnisblaði.

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað um breytingar á reglum um félagslegt leiguhúsnaði, dags. 19. janúar 2022.



Lagt fyrir 419. fund velferðarráðs 19. janúar 2022

VEL2021100008

RÁ/hs/hjb

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri.

Efni: *Breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði*

I. Inngangur

Þann 1. febrúar 2022 munu taka gildi nýjar reglur Reykjavíkurborgar um stoð- og stuðningsþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Samhliða þeim reglum taka gildi breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði sem samþykktar voru á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021.

II. Greinargerð

Með hliðsjón af framangreindum breytingum á reglum um félagslegt leiguhúsnæði sem og breytingum á reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 þarf að gera minni háttar breytingar.

a) Tekju- og eignaviðmið.

Í niðurlagsákvæði 4. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði er kveðið á um það að fjárhæðir skuli endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega. Er því lagt til að tekju- og eignamörk verði hækkuð í samræmi við reglugerð nr. 1342/2020 um ráðstöfun leiguíbúða skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu hefur framangreind reglugerð verið undirrituð af hálfu ráðherra en bíður nú birtingar hjá Stjórnartíðindum. Þar sem um ívilnandi ákvörðun er að ræða er lagt til að tekju- og eignaviðmið verði hækkuð í samræmi við breytingar á reglugerð.

Lögð er til eftirfarandi breyting á d. lið 1. mgr. 4. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnæði:

d. Tekjur og eignir umsækjanda fari ekki yfir eftirfarandi tekju- og eignamörk:

Tekjumörk eru kr. ~~5.731.000~~ **5.995.000** fyrir einstakling en kr. ~~8.025.000~~ **8.394.000** fyrir hjón og sambúðarfólk. Þá reiknast kr. ~~1.433.000~~ **1.499.000** fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er á framfæri viðkomandi. Þá reiknast kr. ~~716.500~~ **749.500** fyrir hvert barn/ungmenni yngra en 20 ára sem er í umgengni hjá umsækjanda. Tekjumörk eru miðuð við meðaltal tekna síðastliðinna þriggja ára.

Eignamörk eru kr. ~~6.186.000~~ **6.471.000**.

Fjárhæðir eru endurskoðaðar af velferðarráði Reykjavíkurborgar árlega.

b) Lögheimili í Reykjavík.

Við nánari yfirferð vegna undirbúnings birtingar í Stjórnartíðindum á þeim breytingum sem samþykktar voru á reglum um félagslegt leiguhúsnaði á fundi velferðarráðs þann 6. október 2021 og á fundi borgarráðs þann 14. október 2021 varð ljóst að lagfæra þyrfti texta í a. lið 1. mgr. 4. gr. reglnanna varðandi lögheimili í sveitarfélaginu.

Lögð er til eftirfarandi breyting á a. lið 1. mgr. 4. gr. reglna um félagslegt leiguhúsnaði:

Umsækjandi skal uppfylla öll skilyrði 4. gr. til að umsókn verði samþykkt á biðlista.

a. Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára á umsóknardegi og eiga lögheimili í Reykjavík þegar sótt er um.

c) Matsviðmið

Gera þarf nauðsynlegar breytingar á matsviðmiðum með reglum um félagslegt leiguhúsnaði í tengslum við breytingar er varða skilyrði um 12 mánaða lögheimili í Reykjavík. Lagt er til að stig vegna lögheimilis í Reykjavík í meira en 12 mánuði verði fært í aðskilinn kafla í matsviðmiðum til þess að tryggt sé að þeir umsækjendur sem hafa átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði fái eitt stig. Framangreindar breytingar eru ívilnandi fyrir umsækjendur um félagslegt leiguhúsnaði og tryggja þeim umsækjendum sem hafa átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði eitt stig vegna búsetulengdar.

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á matsviðmiðum varðandi almennt félagslegt leiguhúsnaði:

| | |
|---|-------------|
| Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla | |
| Lögheimili í Reykjavík | Stig |
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |

| | |
|--|-------------|
| Staða umsækjanda | Stig |
| Á ekki við | 0 |
| 75% öryrki eða fær greiddan endurhæfingarlífeyri | 2 |
| Ellilífeyrisþegi | 2 |

| | |
|---|----------|
| Umsækjandi er fatlaður eða með alvarleg íþyngjandi þroskafrávik á sviði tilfinninga-, félags-, vitsmuna- eða hreyfiþroska án þess að hafa staðfesta fötlunargreiningu | 2 |
| Langvarandi atvinnuleysi og/eða skert starfsgeta. Málefni umsækjanda eru einnig í vinnslu á þjónustumiðstöð eða umsækjandi er í umfangsmikilli endurhæfingu hjá viðurkenndum aðilum | 2 |
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á matsviðmiðum varðandi þjónustuíbúðir aldraðra:

| Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla | Stig |
|---|-------------|
| D- Húsnæðisaðstæður | Stig |
| Góðar húsnæðisaðstæður | 0 |
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |
| Húsnæðisaðstæður erfiðar. Umsækjandi býr í öruggu húsnæði en of litlu. Húsnæðið er of stórt og erfitt að ráða við viðhald og rekstur þess. Tímabundinn leigusamningur (til lengri tíma en 6 mánaða). Umsækjandi er húsnæðislaus en gæti keypt hentugt húsnæði | 2 |
| Verulega erfiðar húsnæðisaðstæður. Slæmt aðgengi, t.d. erfiðir stigagangar og tröppur. Ófullnægjandi eldunaraðstaða og baðherbergi. Óöruggur eða tímabundinn leigusamningur, ekki möguleiki á framlengingu. Búið að segja upp samningi og umsækjandi þarf að rýma húsnæðið innan 6 mánaða | 3 |
| Milliflutningur á milli mismunandi tegunda félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði (þjónustukeðja) | 3 |
| Neyðarástand. Húsnæðisleysi, umsækjandi dvelst á gistiheimili. Umsækjandi býr hjá öðrum tímabundið vegna úrræðaleyfis. Um er að ræða húsnæði sem uppfyllir ekki kröfur um hollustuhætti að mati Heilbrigðiseftirlitis Reykjavíkur. Aðgengi í/að íbúð kemur í veg fyrir að umsækjandi geti farið í endurhæfingu, svo sem félagsstarf, dagdvöl og/eða sjúkráþjálfun | 5 |

| F-Lögheimili í Reykjavík | Stig |
|---|-------------|
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |

Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á matsviðmiðum varðandi húsnæði fyrir heimilislauða með miklar og flóknar þjónustuþarfir:

| Aðeins er hægt að fá stig fyrir einn lið í hverjum kafla | Stig |
|---|-------------|
| Lögheimili í Reykjavík | Stig |
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |

| Húsnæðisstaða | Stig |
|---|----------|
| Umsækjandi er með öruggt húsnæði | 0 |
| Umsækjandi hefur átt lögheimili í Reykjavík í meira en 12 mánuði | 1 |

| | |
|---|---|
| Umsækjandi býr í óöruggu húsnæði | 2 |
| Umsækjandi er að ljúka afplánun eða dvöl á geðdeild | 3 |
| Milliflutningur á milli félagslegs leiguhúsnæðis hjá velferðarsviði | 3 |
| Umsækjandi nýtir sér ekki þjónustu neyðarathvarfs og sefur utandyra (staðfest af vettvangs- og ráðgjafateymi) | 4 |
| Umsækjandi gistir reglulega í neyðarathvarfi | 4 |

III. Gildistaka

Lagt er til að framangreindar breytingar á reglum Reykjavíkurborgar um félagslegt leiguhúsnæði sem eru ívilnandi taki gildi þann 1. febrúar 2022.